

FUNDARGERÐ

Fundarstaður: Minjastofnun, Surðurgötu 39

Fundardagur: 30. nóvember 2017

Fundartími: 15.00

Fundarritari: Guðný Gerður Gunnarsdóttir

Fundarmenn: Anna Lís Guðmundsdóttir, Arinbjörn Vilhjálmsson, Margrét Pálsdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Sólveig Jóhannsdóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Guðmundur Stefán Sigurðarson, minjavörður Norðurlands Vestra. Björn Pétursson boðaði forföll.

5. fundur Minjaráðs Reykjavíkur og nágrennis var haldinn fimmtudaginn 30. nóvember 2017.

Á dagskrá fundarins voru eftirtalin mál:

Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar.**

Samþykkt.

2. **Strandminjar í hættu.**

Guðmundur Stefán Sigurðarson kynnti verkefni Minjastofnunar um strandminjar í hættu, en hann stýrir því verkefni. Hann fjallaði um breytingar á sjávarstöðu og landbrot sem talið eru tengt loftlagsbreytingum. Hann kynnti einnig ADAPT verkefni, sem Norðmenn, Skotar, Íslendingar og Svíar vinna að meðstyrk frá Evrópusamandinu. Verkefnið felst í því að þróa aðferðir við mat á veikleikum og hættum sem kunna að steðja að menningarminjum.

Árið 2016 var veitt sérstök fjárveiting til skráningar strandminja í hættu og hafa minjar á þremur svæðum verið skráðar, á Reykjanesi, á Snæfellsnesi og við Dýrafjörð. Óvíst er um frekari fjárveitingar til að verkefninu, en mikilvægt er að leitað verði leiða til að fá fjármagn í áframhaldandi skráningu. Guðmundur óskar er eftir því að Minjaráðið komi að því að afla upplýsinga um strandminjar á minjasvæðinu því mikilvægt sé að fá yfirsýn yfir helstu staði sem eru í hættu. Með skráningu má fá hugmyndir um staði

sem gætu haft gildi sem áhugaverðir áfanga- og útvistarstaðir. Ráðsmenn munu kanna hvaða heimildir eru til í sínum sveitarfélögum og senda Guðmundi upplýsingar um það. Guðmundur nefndi einnig að Minjastofnun sé að undirbúa verkefni sem felst í að safna upplýsingum um torfhús/bygginga frá öllum tímum og vilji gjarnan fá upplýsingar um slík hús.

3. Evrópska menningararfsárið 2018.

Guðný Gerður skýrði frá því að mennta- og menningarmálaráðherra hafi falið Minjastofnun vera í forsvari vegna skipulagningar Evrópska menningararfsársins 2018 og að hafa umsjón með því að samhæfa viðburði undir merkjum menningararfsársins. Menningarstofnanir ríkisins munu taka þátt í því og vera með ýmsa viðburði. Minjastofnun taka þátt í evrópsku verkefni sem er keppni grunnskólanema, sem tengist minjastöðum, sem fer fram á fyrrihluta árs. Íslensk vinningstillaga verður send í Evrópukeppnina.

Á næstunni verður menningararfsárið kynnt fleirum og þar á meðal sveitarfélögum.

Upplýsingar um evrópska menningararfsárið er að finna á vefnum:

https://ec.europa.eu/culture/european-year-cultural-heritage-2018_en

4. Önnur mál. engin önnur mál á dagskrá.

Fundi slitið 16.40